

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum á sæbjúgum á veiðisvæði við Aðalvík.

#### 1. gr.

Frá og með 7. júlí 2018 eru allar veiðar á sæbjúgum óheimilar á veiðisvæði við Aðalvík sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

1. 66°21,00'N - 23°03,00'V
2. 66°21,00'N - 23°15,00'V
3. 66°25,80'N - 23°15,00'V
4. 66°25,80'N - 23°03,00'V
5. 66°21,00'N - 23°03,00'V

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi og fellur úr gildi 31. ágúst 2018.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. júlí 2018.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Jóhann Guðmundsson.*